

---

FUNDARGERÐ

**Fundur:** Raforkuhópur 2003-09  
**Fundartími:** Mánudagur 22. desember 2003 kl. 15:00  
**Fundarstaður:** Verkfræðistofan AFL, Bíldshöfða 14  
**Fundarefni:** 1) Endurskoðun raforkuspár.  
2) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Guðmundur Guðmundsson  
Ólöf Nordal  
Ólafur Pálsson  
Jón Gestur Hermannsson  
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson  
Ingvar Baldursson

- 1) IB fór yfir breytingar á raforkuspá og niðurstöður spárinnar og dreifði uppkasti að köflum 2 og 6 í spánni. Ákveðið var að setja inn í kafla 6 mynd eins og mynd 2.8 (skipting raforkunotkunar ársins 2002 niður á þætti) fyrir árið 2008 til að fram kæmi breytingin eftir að Fjarðarál kemur í rekstur. Samþykkt var að klára spána á þeim grunni sem sýndur var.
- 2) GG spurði hvort eitthvað hefði verið rætt um að halda málþing um störf Orkuspárnefndar. JV sagðist hafa komið þeirri tillögu á framfæri við Orkuspárnefnd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:50. Næsti fundur ekki ákveðinn þar sem óljóst er um skipulag starfsins á nýju ári.

Jón Vilhjálmsson